

Við göngum í sporum þessara forgöngumanna



Guðrún Högnadóttir segist alltaf vera heilluð af þeirri útgáfu Time-tímaritsins ár hvert þar sem fjallað er um áhrifamesta fólk heims: The 100 Most Influential People. „Þar er sagt frá brautryðjendum, listamönnum og leiðtogum okkar daga og því lýst hvað þeir gera sem hefur afgerandi áhrif á heiminn. Þeir eru nokkrir sem snertu mig sérstaklega í nýjustu útgáfunni.“

Guðrún nefnir fyrst Malölu, sem er yngst á listanum og er þar þriðja árið í röð. „Hún minnir okkur á hvað það er mikill máttur í menntun, hvað við búum við misjöfn kjör og hvað hún er tilbúin til að fórna sér fyrir þennan göfuga málstað.“

Frans páfi er annað dæmi. Hann nýtir sín miklu völd af högværð en er óhræddur við að skora viðtekin viðhorf kirkjunnar

á hólum og gefur hinum kaþólska og kristna heimi nýja sýn á mikilvægi fjölbreytileika t.d. hvað varðar samkynhneigð. Það er kannski þetta sem þessir einstaklingar eiga sameiginlegt – þeir eru svo tilbúnir til að skora á úreltar hugsanir og eru ábyrgir boðberar breytinga.“

Guðrún nefnir tvo í viðbót. Það er annars vegar matreiðslumeistarinn Ina Garten – Barefoot Contessa – sem hefur stýrt matreiðslupáttum um árabíl. „Hún hafði unnið við kjarnorkumál í Hvíta húsinu og rak síðan eigin verslun í Hamptons í 20 ár en markmið hennar með matreiðslupáttum í sjónvarpi er að gera lífið einfaldara með visku, alúð og einlægni; engin leið betri til þess en með góðum mat.“

Svo er það hins vegar Barack Obama, sem ég hef lengi verið óskaplega hrifin af. Hann minnir okkur á að áhrif snúast ekki um

að bregðast við endalausum áskorunum okkar tíma, heldur að halda einbeitingu og hafa þrautseigju til að klára mikilvægu málin. Hann er svo trúr stóru verkefnunum, t.d. að bæta atvinnustig, tryggja betri aðgang að heilbrigðiskerfinu og vinna að betri heimsmynd með smáum friðarskrefum, t.d. í samskiptunum við Kúbu. Þessir leiðtogar eiga það sameiginlegt að þeirra áhrif snúast ekki um völd, peninga eða vinsældir heldur að gera lífið auðveldara og gefa okkur betri heim. Tilgangur þeirra er ekki að stjórna eða stýra heldur að opna á möguleika, skora á

okkur og gefa öðrum tilgang og tækifæri. Þeir þekkja sína rödd og umfram allt hjálpa öðrum að finna sína rödd. Ósk mín er sú að það sé dropi af slíkum eiginleikum í okkur öllum.“ **FV**

„Hún minnir okkur á hvað það er mikill máttur í menntun, hvað við búum við misjöfn kjör og hvað hún er tilbúin til að fórna sér fyrir þennan göfuga málstað.“

